

Héraðssaksóknari
06 300

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Héraðssaksóknari
kt. 441115-1480
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Héraðssaksóknari er einn af handhöfum ákærvaldsins á Íslandi. Embættið fer með verkefni ákærvalds og saksókn í sakamálum fyrir dómstólum ásamt því að annast einnig rannsóknir sakamála samkvæmt því sem nánar er mælt fyrir um í lögum. Þá starfrækir embættið skrifstofu fjármálagreininga lögreglu og annast meðferð mála er varða endurheimt og upptöku ólögðs ávinnings af refsiverðri háttsemi, ásamt því að fara með margvísleg önnur stjórnsýsluverkefni.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 9 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.211,9 milljónir og afkoma kr. 18,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 21,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 175,9 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Héraðssaksóknara í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Héraðssaksóknara fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Ólafur Þór Hauksson,
Héraðssaksóknari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.185.200.000	1.093.000.000
Seld þjónusta	3	2.345.240	0
Framlög og ýmsar tekjur	4	17.595.220	16.707.805
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	6.733.578	10.773.043
Tekjur samtals		1.211.874.038	1.120.480.848
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	5	1.023.437.574	991.864.877
Framlög og tilfærslur	6	13.686.402	14.029.829
Annar rekstrarkostnaður	7	149.559.182	147.881.366
Afskriftir	8	6.733.578	10.773.043
Gjöld samtals		1.193.416.736	1.164.549.115
Afkoma fyrir fjármagnsliði		18.457.302	(44.068.267)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(20.006)	(17.173)
		(20.006)	(17.173)
Afkoma ársins		18.437.296	(44.085.440)
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum			
Rekstur	2	32.123.698	(30.055.611)
Rekstrartilfærslur		(13.686.402)	(14.029.829)
		18.437.296	(44.085.440)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	9		
Áhöld, tæki og búnaður		24.737.138	28.030.673
Farartæki og vélar		75.831	85.830
Aðrar eignir		35.526	106.586
Fastafjármunir samtals		<u>24.848.495</u>	<u>28.223.089</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		238.420	0
Tengdir aðilar	10	150.777.129	116.427.690
Veltufjármunir samtals		<u>151.015.549</u>	<u>116.427.690</u>
Eignir samtals		<u>175.864.044</u>	<u>144.650.779</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		21.267.031	2.829.735
Eigið fé samtals		<u>21.267.031</u>	<u>2.829.735</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	10	7.590.828	2.352.113
Viðskiptaskuldir		6.127.363	6.657.217
Ýmsar skammtímaskuldir	12	116.947.636	108.246.950
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	23.931.186	24.564.764
Skuldir samtals		<u>154.597.013</u>	<u>141.821.044</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>175.864.044</u>	<u>144.650.779</u>
Aðrar upplýsingar	14		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		18.437.296	(44.085.440)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	8	6.733.578	10.773.043
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(6.733.578)	(10.773.043)
		<u>18.437.296</u>	<u>(44.085.440)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(238.420)	3.987.313
Tengdir aðilar		(26.369.708)	29.834.192
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		8.170.832	10.263.935
		<u>(18.437.296)</u>	<u>44.085.440</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	9	(3.358.984)	(8.477.903)
		<u>(3.358.984)</u>	<u>(8.477.903)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		3.358.984	8.477.903
		<u>3.358.984</u>	<u>8.477.903</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		0	0
		<u>0</u>	<u>0</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok			

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörstigi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Skýringar

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2021	2020
2 Tekjufærsla fjárveitinga		
Fjárveiting ársins	1.185.200.000	1.093.000.000
Tekjufærsla frestaðra tekna	6.733.578	10.773.043
	<u>1.191.933.578</u>	<u>1.103.773.043</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.185.200.000	0	0	1.185.200.000
Fjárveiting til tekna	1.185.200.000	0	0	1.185.200.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.153.076.302)	(13.686.402)	0	(1.166.762.704)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	32.123.698	(13.686.402)	0	18.437.296

	2021	2020
3 Seld þjónusta		
Mötuneyti	2.345.240	0
	<u>2.345.240</u>	<u>0</u>

4 Framlög og ýmsar tekjur

Kostnaðarhlutdeild	17.176.510	16.603.940
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	418.710	0
Ýmsar tekjur	0	103.865
	<u>17.595.220</u>	<u>16.707.805</u>

5 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	823.026.614	787.310.515
Orlof, breyting	8.862.694	18.809.266
Launatengd gjöld	184.942.249	178.919.078
Starfsmannakostnaður	6.606.017	6.826.018
	<u>1.023.437.574</u>	<u>991.864.877</u>
Meðalfjöldi stöðugilda	62,4	62,2

6 Framlög og tilfærslur

Rekstrartilfærslur aðrir	13.686.402	14.029.829
	<u>13.686.402</u>	<u>14.029.829</u>

Skýringar

	2021	2020
7 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	1.579.672	1.290.031
Byggingarvörur, almennar	98.006	50.356
Byggingarvörur, aðrar	145.536	0
Tæki og búnaður til innréttinga	77.080	0
Ýmis tæki og áhöld	1.600.618	2.159.314
Varahlutir og viðhaldsvörur	247.460	389.989
Orkugjafar	1.653.764	1.783.779
Matvæli	9.694.719	5.352.504
Almennar rekstrarvörur	755.092	2.590.252
Vörukaup, almenn	15.851.947	13.616.225
Kennslu- og föndurvörur	11.982	21.385
Ýmsar sérgreindar vörur	87.942	97.414
Vörukaup, sérgreind	99.924	118.799
Fundir, námskeið, risna	113.368	134.552
Ferðir, upphald	2.598.749	4.540.422
Akstur	2.307.278	3.084.561
Sérfræðiþjónusta	4.554.635	5.833.568
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	46.160	110.840
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	804.789	835.635
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	5.672.447	5.508.129
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	16.097.426	20.047.707
Samningsbundin kaup og leiga	1.389.420	0
Afnotagjöld	12.405.245	13.100.762
Leigugjöld	58.747.640	56.341.711
Notkun véla og flutningatækja	21.001	0
Verkkaup	6.649.624	11.691.196
Kostnaðarhlutdeild	38.039.891	32.720.353
Áhættutap og bætur	22.980	49.500
Tryggingar, lögboðnar	128.939	88.814
Opinber gjöld	57.932	74.170
Tilfærslur	47.213	32.129
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	117.509.885	114.098.635
Annar rekstrarkostnaður samtals	149.559.182	147.881.366
8 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	6.623.112	10.064.824
Farartæki og vélar	9.999	497.220
Aðrar eignir	71.060	71.060
Sölutap og úrehtar eignir	29.407	139.939
	6.733.578	10.773.043

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

9 Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Áhöld, tæki og búnaður	24.737.138	28.030.673
Farartæki og vélar	75.831	85.830
Aðrar eignir	35.526	106.586
	<u>24.848.495</u>	<u>28.223.089</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	77.744.338	5.819.495	710.600	84.274.433
Viðbætur á árinu	3.358.984	0	0	3.358.984
Selt/úreitt á árinu	(313.174)	0	0	(313.174)
	<u>80.790.148</u>	<u>5.819.495</u>	<u>710.600</u>	<u>87.320.243</u>
Afskriftir 01.01.2021	49.713.665	5.733.665	604.014	56.051.344
Afskrift ársins	6.623.112	9.999	71.060	6.704.171
Selt/úreitt á árinu	(283.767)	0	0	(283.767)
	<u>56.053.010</u>	<u>5.743.664</u>	<u>675.074</u>	<u>62.471.748</u>
Staða 31.12.2021	<u>24.737.138</u>	<u>75.831</u>	<u>35.526</u>	<u>24.848.495</u>

31.12.2021 31.12.2020

10 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	150.777.129	116.427.690
	<u>150.777.129</u>	<u>116.427.690</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	7.590.828	2.352.113
	<u>7.590.828</u>	<u>2.352.113</u>

11 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	2.829.735	46.915.175
Afkoma ársins	18.437.296	(44.085.440)
Jöfnuður 31.12.	<u>21.267.031</u>	<u>2.829.735</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
12 Ýmsar skammtímaskuldir		
Ógreitt orlof	116.907.721	108.045.027
Önnur ógreidd gjöld	39.915	201.923
	<u>116.947.636</u>	<u>108.246.950</u>

13 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	24.848.495	28.223.089
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)	(917.309)	(3.658.325)
	<u>23.931.186</u>	<u>24.564.764</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	28.223.089	(3.658.325)	24.564.764
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	6.100.000	6.100.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	3.358.984	(3.358.984)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	(6.733.578)	0	(6.733.578)
	<u>24.848.495</u>	<u>(917.309)</u>	<u>23.931.186</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 5,7 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

14 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði til júní 2031 og þjónustusamninga um rekstur til næstu 3 ára. Árlegar greiðslu vegna húsaleigu nema 60,2 millj. kr. og vegna þjónustusamninga 24,2 millj. kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.